

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu, ásamt sveitarreikningi Nauteyrarhrepps, endurskoðaðir af endurskoðanda sveitareikningsins, og síðan sendir með sveitarreikningnum sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu til yfir endurskoðunar.

113

13. des.

9. gr.

Á hverju vorprófi skal formaður skólanefndar í heyranda hljóði birta foreldrum og börnum eignir og ástæður sjóðsins.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Melgraseyri, 5. október 1932.

Jón K. Fjalldal.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Björns bónda Sigfússonar frv. alþingismanns og Ingunnar húsfreyju Jónsdóttur að Kornsa í Vatnsdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

114

16. des.

fyrir

Minningarsjóð hjónanna Björns bónda Sigfússonar fyrrv. alþm. og Ingunnar húsfreyju Jónsdóttur að Kornsa í Vatnsdal.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — króna gjöf, frá hjónunum Guðrúnu Björnsdóttur frá Kornsa, og Þormóði Eyjólfsyni konsúl á Siglufirði. Til stofnfjár teljast og gjafir, áheit og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að berast utanað, svo og sá hluti vaxtanna, er leggja skal við sjóðinn, skv. 4. gr. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og er sjóðurinn ævarandi eign Áshrepps í Húnaþingi.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparissjóði Austur-Húnavatnssýslu, eða í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, ef stjórn sjóðsins telur honum það til meiri hagnaðar.

3. gr.

Til ársloka 1940 skal árlega leggja alla vextina við höfuðstólinn, en upp frá því má verja allt að helmingi vaxtanna til verðlauna, samkv. ákvæðum 4.

114 gr. Þegar árlegir vextir eru orðnir 200 kr. og allt að 300 kr., má á sama hátt verja
16. des. til verðlauna árlega, því af vöxtunum, sem er umfram 100 krónur. Séu ársvextir yfir 300 krónur og allt að 400 kr., má enn á sama hátt verja til verðlauna árlega, því af vöxtunum, sem er umfram 150 krónur, og síðan skal skipta vöxtunum milli verðlauna og höfuðstólsaukningar eftir sömu reglum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim búendum eða heimilisforráðendum í Áshreppi í Húnaþingi, er komið hafa upp við heimili sín trjá- og runnagörðum til heimilisprýði og nytja, enda séu þeir þannig girtir og gerðir og umhírða þeirra svo góð, að til fyrirmyndar sé, að dómi stjórnar sjóðsins, og ber stjórninni að hækka kröfur sínar í þessum efnum, í hlutfalli við það sem verðlaunaveitingar fara hækkandi.

5. gr.

Verðlaunastigin skulu vera þrjú, þ. e. I., II. og III. verðlaun og hlutföll þeirra sem 3. 2 og 1.

Að öðru leyti en hér er ákveðið setur stjórn sjóðsins nánari reglur um veitingu verðlauna og skilyrði fyrir því að þau verði veitt, og ber stjórninni að endurskoða þær í hvert sinn sem stighækkun verður á viðlögðum vöxtum samkv. 3. gr. Ekki má þó veita sama búanda eða heimilsforráðanda nema ein verðlaun á 3 ára fresti.

Verðlaunareglur stjórnarinnar skulu jafnan vera til sýnis fyrir almenn- ing, á þingstað sveitarinnar.

6. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Áshrepps kys formann sjóðstjórnar til 3 ára í senn, á síðasta fundi sínum fyrir áramót, þegar kjósa skal. Séu niðjar hjónanna Björns Sigfússonar og Ingunnar Jónsdóttur búsettir í hreppnum, skal kjósa formann úr þeirra hópi. Sé aðeins einn niðji þeirra búsettur í hreppnum, er hann sjálfkjörinn formaður og ætíð er búandi á Kornsa sjálfkjörinn formaður sé hann niðji þeirra hjónanna.

Meðstjórnendur skal kjósa á almennum hreppsfundi á sumri til tveggja ára, þó þannig að í fyrsta sinn gengur annar þeirra úr stjórninni að ári liðnu, en síðan eftir röð. Endurkjósa má sömu menn sem áður hafa verið í stjórn. Kosningarétt hafa hinir sömu og til sveitarstjórnar.

Kjörgengi gildir jafnt fyrir konur sem karla, en hlutkesti ræður ef bæði hjónin eru niðjar Björns Sigfússonar og Ingunnar Jónsdóttur og um sjálfkjör er að ræða.

7. gr.

Formaður varðveitir viðskiptabók sjóðsins, og gerðabók. Hann hefir á hendi reikningshald sjóðsins og ber ábyrgð á að eignum hans sé ráðstafað samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þessarar og reglum og ákvörðunum sjóðs-

stjórnar. Einnig skal hann annast um að stjórnin haldi gerðabók, er glögglega sýni alla starfsemi sjóðsins. **114**
16. des.

Formaður skal árlega gefa almennum hreppsfundi skýrslu um starfsemi sjóðsins, s. s. verðlaunaveitingar o. fl. og leggja fram til úrskurðar reikninga hans fyrir s. l. fardagaár, endurskoðaða af stjórn Búnaðarfélags Áshrepps.

8. gr.

Nú þrengist eða tæmist verkefni sjóðsins skv. 4. gr., en handbært fé til ráðstöfunar sjóðstjórnar fer vaxandi, og getur stjórnin þá fært út verksvið sjóðsins, þó svo að sem næst fari upphaflegu verkefni hans, t. d. skógrækt í stærri stíl, en leita skal hún staðfestingar stjórnarvalda á slíkum breytingum.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

22. júní 1932.

Guðrún Björnsdóttir.

Dormóður Eyjólfsson.

REGLUGERÐ

115

28. des.

um

borgun tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs af kaupum skattgreiðanda.

1. gr.

Nú hefir lögtak á tekju- eða eignarskatti til ríkissjóðs, samkvæmt lögum nr. 74, 27. júní 1921, síðari viðaukum við þau lög og lögum nr. 79, 23. júní 1932, verið reynt árangurslaust, og er þá heimilt að láta borga hinn vangoldna skatt af launum skattgreiðanda, er hann tekur af almanna fé, eða kaupum því, er hann á réti á hjá öðrum, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í reglugerð þessari.

2. gr.

Fógeti boðar skattgreiðanda, og ef þess gerist þörf kaupgreiðanda hans, fyrir sig. Skal þeim skylt að mæta fyrir fógetarétti og gefa þar skýrslu um atvinnu skattgreiðanda, launakjör hans, upphæð kaups, greiðslumáta þess og gjalddaga, og um önnur þau atriði, er nauðsynlegt er að upplýst séu, er kveða skal á um borgun skatta af kaupum skattgreiðanda.

Nú mætir kaupgreiðandi eigi fyrir fógetarétti löglega tilkvaddur, eða gefur eigi þá skýrslu er hann er krafinn um, og skal hann þá sæta þingviti eftir þeim reglum, er gilda um vitni. Mæti skattgreiðandi eigi eða gefi hann eigi fullnægjandi skýrslu, skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 37. gr. aðfaralaganna.

3. gr.

Að fengnum upplýsingum þeim, sem ræðir um í 2. gr., kveður fógeti á það með úrskurði, hvort hinn vangoldni skattur skuli greiddur af kaupum eða